



## Stjórnarfundur SÍM 29.09.24

Mættir: Pétur Thomsen, Þóra Karlsdóttir, Lísu draugur, Helga Óskars, Elísabet Stefánsdóttir, Hlynur Helgason, Anna Eyjólfsdóttir og Anna Rún. Ritari: Anna Rún Tryggvadóttir.

### Dagskrá

#### **Leiga á herbergi í Hafnarstræti**

Myndstef óskaði eftir að taka herbergið á leigu. Myndstef vill leigja á 120.000kr á mánuði. Stærð 10-20m<sup>2</sup>. Mikilvægt að fá Myndstef inn. Hagur að því. Allur rekstur Myndstef verður þá í þessu herbergi. Auk notkun af fundarherbergi. Samþykkt.

#### **Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík**

Óskað eftir tilnefningum í fulltrúaráð Listahátíðar. Anna Eyjólfsson og Hlynur hafa verið fulltrúar SÍM. Anna Rún býður sig fram. Helga Óskarsdóttir býður sig fram sem varamann. Samþykkt.

#### **Fjárhagsáætlun SÍM**

Lísu gefur okkur innsýn inn í stöðuna. Athugasemdir gerðar við sérstakar verktakagreiðslur sem Martynas fékk greiddar fyrir aukavinnu fyrir SÍM, en á fundi í vor var rætt um að hætta slíkum greiðslum. Vinna fyrir rekstrarfélagið er vinna fyrir SÍM, eins öfugt og ætti að vera hluti af greiddum launum.

Mikilvægt að það sé til fjármagn fyrir aukaverkefni, t.d. Skráningu á sögu félagsins etc. Gert sé ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun og eru verkefni alltaf kynnt fyrir stjórninni.

Laun formanns og laun fyrir stjórnarsetu. Ákveðið var að hálf laun Stjórnar SÍM kæmu úr rekstrarfélaginu og hálf laun úr SÍM.

Tillaga um að halda sér fundi þar sem við fundum einungis sem stjórn rekstrarfélagssins. Og köllum alla á fund sem eiga aðild að rekstrarfélaginu. Það er nánast búið að úthluta öllum vinnustofum í Kópavogi.

Varðandi Skipholt, skrifstofa menningarmálaráðuneytis og ráðherra hafa farið og skoðað.

En málið er á samræðustigi, en þegar til kemur þá þurfum við að halda stjórnarfund einungis um þetta mál. Það stendur í ráðuneytinu peningahlið málsins.

Spurningar um hvort við getum lagt meira fjármagn til, en SÍM stendur fast á því að fm verðið verði að vera 3000 kr á fm. Hafnarstræti/Austurstræti er til sýnis í næstu viku.





## Listamannatal.is

Gamla arkiv.is. Lísa er búin að leita ráða hjá Forriturum og vefhönnuðum til að skoða það sem þarf að gera. Vefurinn er í umsjá SÍM, en umfangið út fyrir það sem Lísa treystir sér til. Vefurinn virkar ekki eins og hann er útlitslega, og virkni er ekki fullkomin.

Markmiðið með vefnum er að þar séu allar upplýsingar um íslenska listamenn.

Málið er það að ráðuneytið hætti fjárveitingum til vefsins, Katrín á borgarbókasafninu hafði verið á fullri vinnu við þetta í mörg ár, að uppfæra UMM vefinn og arkívið. En ráðuneytið taldi ekki þörf á þessu. SÍM hefur leitað til Listasafns Íslands, sem neitar.

Tilboð frá fyrirtæki á verkáætlun, færa vefinn inn í nýtt kerfi, setja upp aðgengilega og virkni sé góð. Tilboð upp á 5.000.000. - Hversu mikilvægt er þetta? Býða með þetta í 4-5 ár. Koma fram sterk rök gegn því að leggja í þennan kostnað. Ákvörðun tekin um að geyma þetta verkefni. Þetta er mjög fjárfrekt og stjórn SÍM getur ekki sinnt þessu að svo stöddu. Vefurinn verður óvirkur næstu 3 árin.

## Listamannalaun - Vegsemd sjóður 67+

Meðlimur kvartaði undan virkni á listamannalaunasjóðs umsókn. Verður fundur 11. September. Málið virðist vera leyst.

## Sýning í Hafnarstræti 16

SÍM er að skipuleggja myndlistasýningu og viðburð að tilefni 200 ára afmæli hússins í samstarfi við Borgarsögusafni, RVK borg og Minjastofnun. 5. sept opnar myndlistasýning í salnum, þar sem nýtt útilistaverk eftir Rögnu Róberts verður opinberað. Opið hús og viðburður 7. sept. SÍM hafði nýtt þetta afmæli til að búa til hátíð til að þrýsta á almennt viðhald á húsinu.

## Félagsfundur 21. september

Áréttað hér til að minna á þennan fund. Fjallað verður um félagsaðild að SÍM, félagið sjálft og þá mögulega inntöku á sýningarstjórum inn í félagið.

Tillaga um að benda viðkomandi formanni á að það þurfi staðgengil fyrir formanninn til að sitja félagafundi SÍM, því hann hefur ekki atkvæðisrétt ef hann er ekki í SÍM. Lokaðir fundir eru ekki fyrir utanaðkomandi.



## **Félag Listasafna á Íslandi kallar Önnu Eyjólfss inn á fund 18.september nk.**

Kallað eftir reglum listasafnanna um samskipti við listamenn. Spurningar fyrir þann fund:

1. Verklag þegar verið er að nota verk úr safneign, að listamaður sé upplýstur og upplýsingar um upphengingu sé virt.
2. Gæta þess að uppfæra þóknun í tengslum við "Við borgum listamönnum".
3. Kom upp spurning frá SÍM félaga, hvort þóknun ætti að aukast ef sýningu er framlengt.
4. Minna á Uppsettan taxa þegar listamenn eru að vinna að uppsetningu á sýningum er 11.000.- á tímann.
5. Hvetja til þess að söfn gæta að faglegum vinnubrögðum í samningagerð við listamenn.